



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1577
komudagur 21.3.2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu (hámark vaxta), nr. 38/2001, með síðari breytingum (96. mál).

Umboðsmaður skuldara hefur móttengið erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 8. mars 2012 þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Embættið telur fyrirhugaðar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vera til bóta. Mikilvægt er að takmarka eins og hægt er óvissu við lántöku. Í dag eru tveir utanaðkomandi óvissuþættir við lánatöku sem gera einstaklingum ekki kleift að sjá fyllilega hvort þeir geti staðið í skilum með lán sín. Ef sett væri hámark á raunvexti fasteignalána væri hægt að draga úr óvissu lántakenda að einhverju marki þó verðtrygging geti enn haft mikil áhrif á stöðu lána. Viðskiptabankarnir hafa þó farið af stað með óverðtryggð lán til skemmri tíma sem fengið hafa góðar viðtökur. Ef verðtryggt lánsfé mun aldrei bera hærri almenna vexti en 2% mun það koma til góða fyrir lántaka í formi lægri greiðslubyrði. Almennungur hefur mikla þörf á frekari festu við lánveitingar og að dregið sé úr sem flestum óvissuþáttum.

Embættið vill leggja áherslu á mikilvægi þess að skoða vel, áður en farið er af stað í laga-breytingar eins og frumvarp þetta felur í sér, þau heildaráhrif sem breytingin mun hafa á fjármála- og hagkerfið, þ.e. áhrif á fjárfesta, lánveitendur, skattgreiðendur og lántaka.

Virðingarfyllst,

f.h. embættis umboðsmanns skuldara

Brynja D. G. Briem lögfræðingur